



Reykjavík, 3. desember 2020

SFS2020120019

197. fundur

HG/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs og Útilífsmiðstöðvar skáta

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni (ÚSÚ) hefur um árabíl rekið skólabúðir að Úlfljótsvatni með stuðningi frá Reykjavíkurborg í gegnum samstarfssamning. Kjarninn í þeirri starfsemi hefur verið byggður á hópefli, lífsleikni og athafnanámi. Með tilkomu Aðalnámskrár og tengingar við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar er í fræðsludagskránni aukin áhersla á útinám, aukið val nemenda og kennara, nánari tengingu við námsefni, grunnþætti menntunar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í desember 2014 var undirritaður samningur milli skóla- og frístundasviðs og ÚSÚ og gildi hann frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017. Markmið samningsins var að efla athafnanám og nám á vettvangi sem standi reykvískum börnum og ungmennum til boða á Úlfljótsvatni og að efla hæfni nemenda, kennara og starfsfólks frístundastarfs til útivistar og útináms.

Í janúar 2018 gerðu skóla- og frístundasvið og ÚSÚ með sér samstarfssamning sem gildir til 31. desember 2020. Markmið samningsins er að styrkja starf ÚSÚ á Úlfljótsvatni með því að styðja við áframhaldandi þróun þeirrar dagskrár sem þar er boðið upp á þannig og að hún sé í góðu samræmi við mennta- og frístundastefnur Reykjavíkurborgar og tryggja aðgengi grunnskólabarna í Reykjavík að skólabúðum á góðum kjörum.

Á tímabili samnings þess sem nú er að renna út voru 679 nemendur þátttakendur í skólabúðunum og heildarfjöldi gistingu var 36. Vorið 2020 þurftu svo 5 skólar úr Reykjavík að fresta eða hætta við ferð sína vegna Covid 19.

Lagt er til að gerður verði nýr samningur við Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni til þriggja ára sem gildi frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

Samningurinn hefur m.a. það markmið að

- bjóða upp á fjölbreytta útilífsdagskrá fyrir börn með aukið heilbrigði, félagsfærni og sjálfsefningu að leiðarljósi. Sérstaklega verði sinnt nemendum á miðstigi.
- Þróa og bjóða upp á leiki og verkefni sem efla hópinn, hvort sem um er að ræða skólahópa eða hópa úr frístundamiðstöðvum.

- Leggja áherslu á fræðslu og þjálfun í útivist fyrir skólabörn og starfsfólk skóla sem dvelur í skólabúðum.
- Tengja áherslur námssviða náttúrufræða við vettvangsathuganir á Úlfljótsvatni.

Í samningnum er gert ráð fyrir að skóla- og frístundasvið greiði Útilífsmiðstöð skáta kr. 8.000.000 á hverju samningsári. Greiðslur vegna samningsins fari fram í tvennu lagi ár hvers, 1. janúar og 1. september.

Innkaupaskrifstofa fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar hefur staðfest að efni fyrirhugaðs samnings skóla og frístundasviðs við Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni falli undir félagslega þjónustu og aðra sértæka þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV), sbr. reglugerð EB nr. 933/2010 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir CPV númer 80310000-0 og 80410000-1, útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Umrædd kaup teljist vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar 260/2020 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup. Skv. 4. gr. reglugerðarinnar er viðmiðunarfjárhæð slíkra kaupa kr. 97.770.000. Ljóst sé því að kaupin eru ekki útboðsskyld en mælt með að kaupandi gæti hagkvæmni og geri samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður skriflega eða með rafrænni aðferð. Við þessi innkaup skuli virða jafnræðisreglu 3. mgr. 1. gr. reglnanna.

Samningsfjárhæð rúmast innan núverandi fjárheimilda sviðsins.